

Nefndasvið Alþingis  
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd  
b/t Gauts Sturlusonar  
nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. mars 2010.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. (8. mál)

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögur til þingsályktunar sem felur í sér tillögu til Alþingis um að fela ríkisstjórninni að lýsa því yfir að horfið verði frá fyrirhugaðri fyrningu aflaheimilda.*

Viðskiptaráð tekur undir með höfundum ofangreindrar tillögu að óeðlilegt sé að nefnd sem hefur það að meginmarkmiði að skapa almenna sátt um veiðar og vernd fiskistofna hafi einnig það sérhæfða hlutverk að fjalla um fyrningarleið umfram aðrar lausnir sem kunna að vera í boði.

Það er álit Viðskiptaráðs að hverfa eigi frá áformum stjórnvalda um fyrningu aflaheimilda vegna þess skaða og óvissu sem mun skapast í atvinnugreininni ef nær fram að ganga. Fyrningarleið mun valda mikilli óvissu um framtíðarhorfur í einni af undirstöðuatvinnugrein landsins. Viðskiptaráð leggst gegn áformum um að fyrningarleið verði farin í sjávarútvegi.

**Viðskiptaráð leggur til að tillagan nái fram að ganga.**

Virðingarfyllst,



---

Þórdís Bjarnadóttir  
Lögfræðingur  
Viðskiptaráð Íslands